



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2812
komudagur 7.9.2001
Selfossi, 6. september 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 5. september sl., var tekið fyrir erindi frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags 29. maí 2001, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til raforkulaga, 719. mál, heildarlög.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS tekur ekki afstöðu til frumvarpsins í heild, en leggur áherslu á ekki verði gengið frá nýjum orkulögum án þess að eftirfarandi atriði verði höfð í huga:


1. Eitt af þeim atriðum sem hefur áhrif á búsetuskilyrði er verðlag á raforku. Á undanförunum áratugum hafa orðið miklir búferlaflutningar í landinu frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis og liggja til þess margvíslegar ástæður. Ein þeirra er hærra verðlag á landsbyggðinni, þar sem orkuverðið er einn þátturinn. Því er lögð á það áhersla að jafnhliða nýjum raforkulögum verði gerðar varanlegar ráðstafanir til jöfnunar orkuverðs.

2. Leiðréttta verður þá mismunun sem hefur verið við lýði á milli almenningsrafveitnanna, annars vegar þeirra sem hafa haft bein viðskipti við Landsvirkjun og hins vegar þeirra sem hafa keypt raforku í heildsölu af Rarík. Ekki verður við það unað að dagar löngu úrelts heilsölukerfis verði framlengdir.

3. Ekki verður fallist á þá tillögu sem felst í frumvarpinu um að flytjendur og dreifendur raforku megi ekki stunda framleiðslu né sölu nema með því að skipta fyrirtækjunum upp í fleiri sjálfstæð fyrirtæki. Hér verður að hafa í huga að samrekstur þessara þátta, t.d. hjá sveitarfélagaveitum, hefur um langt skeið skilað fyrirtækjunum og viðskiptavinum þeirra fjárhagslegum ávinningi í formi lægri rekstrargjalda og þar með lægra verði. Því er engin ástæða til breytinga, sem kynnu að leiða til meiri óhagkvæmni og þar með hærra verðs til notenda.”

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Aðsetur – Address:	Símar – Telephone:	Myndsendir – Fax:	Netfang – E-mail:	Kennitala – Id.no.:
Austurvegur 56 800 Selfoss Iceland	482 1088 482 1350	482 2921	sass@sudurland.is	480775-0159